



Óveðursáætlun– Röskun á skólastarfi vegna óveðurs



Skólastjóri tekur ákvörðun um það hvort skólaakstur og þá um leið skólahald fellur niður vegna óveðurs og/eða ófærðar í samráði við skólabílstjóra. Skólastjóri getur jafnframt flýtt/seinkað heimakstri eða fellt niður akstur á tiltekinni akstursleið vegna óveðurs og/eða ófærðar í samráði við skólabílstjóra

Skólahaldi aflýst

Ákvörðun um hvort skólahaldi er aflýst er tilkynnt að morgni hvers dags eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send forráðamönnum og starfsfólki. Starfsfólk metur í samráði við skólastjóra hvort og hvenær það kemst til vinnu.

Tilkynning er sett inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is), Facebook og Mentor eins fljótt og auðið er.

Röskun á skólaakstri á einstökum leiðum

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að komast á skólabíl heim að einstökum bæjum vegna ófærðar og/eða óveðurs hefur bílstjóri samband við viðkomandi forráðamenn.

Foreldrum ber að láta skólabílstjóra vita ef heimreið er ófær og ekki hefur borist tilkynning um röskun á skólaakstri eða skólahaldi.

Ef skólabílstjóri metur aðstæður með þeim hætti að fella verði niður skólaakstur á hans akstursleið hefur hann samband við skólastjóra eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send til forráðamanna og röskun á skólaakstri tilkynnt. Frekari upplýsingar um hvaða akstursleiðir falla niður eru settar inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is) Facebook og Mentor.

Heimferð flýtt / seinkað

Ef flýta eða seinka þarf heimferð vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár (**appelsínugul viðvörðun hjá Veðurstofu Íslands**) fá foreldrar SMS skilaboð með tímasetningu heimferðar. Tilkynning er einnig sett inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is), Facebook og Mentor eins fljótt og auðið er.

Samband er haft við foreldra barna í 1. – 4. bekk, til að ganga úr skugga um að einhver taki á móti þeim, áður en skólabílar leggja af stað frá skóla.

Ábyrgð foreldra / forráðamanna

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn fylgist með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mismunandi eftir svæðum í hreppnum.

Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín aldrei í skólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Við slíkar aðstæður tilkynna foreldrar fjarveru barna sinna til skólans í síma 486-3460 eða með tölvupósti á netfangið: floaskoli@floaskoli.is